



Garðyrkjakólinn Reykjavík
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

LOKA4SN05 Lokaverkefni

Kennari: **Björgvin Örn Eggertsson** boe@fsu.is

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
LOKA4SN05 – Lokaverkefni – braut skógar og náttúru	5 fein	4
Lýsing Lokaverkefni er sjálfstætt verklegt einstaklingsverkefni sem hver nemandi vinnur fyrir sig. Nemandi ákveður efnistöð í samráði við námsbrautarstjóra. Nemandi vinnur verkáætlun og kostnaðaráætlun verkefnisins og viðar að sér því efni sem þarf til verksins. Gert er ráð fyrir því að undirbúningur og vinna við verkefnið fari að mestu fram á fjórðu önn. Lokahnykkur verkefnisins er í lok fjórðu annar þegar nemendur framkvæma meginhluta verkefnisins. Nemendur skrifa skýrslu um verkefni sitt og kynna niðurstöður þess fyrir öðrum nemendum, kennurum og gestum í lok verkefnistímans. Nemendur vinna sjálfstætt að verkefnum en námsbrautarstjórar eru nemendum innan handar varðandi upplýsingagjöf. Nemendur brautar skógar og náttúru vinna sjálfstætt að framkvæmdaverkefni á sviði skógræktar, sem getur verið í nýrækt skóga, vinnu við eldri skóg eða vinnu við náttúrusvæði. Undirbúningur hefst á þriðju önn þegar nemendur gera nauðsynlegar áætlanir. Undirbúningur og framkvæmd verkefnis getur farið fram á haustönn eða vorönn, eftir því sem veður leyfir. Hér reynir verulega á sjálfstæð vinnubrögð, samvirkusemi og frumkvæði nemenda		
Forkröfur Allir áfangar fyrstu þriggja anna garðyrkjunáms.		

Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Skipulagi verkefnis og þeim áætlunum sem þarf að hafa á hreinu áður en framkvæmd hefst og hvernig brugðist er við frávikum frá áætlunum. • Mikilvægi þess að skilgreina verkefni vel í upphafi og hvernig það er afmarkað. • Hvar er best að leita sér upplýsinga varðandi framkvæmd verkefna á þessu sviði.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Leysa sjálfstætt af hendi raunhæf verkefni á sínu fagsviði, metið með frammistöðu í verkefni og kynningu. • Miðla til annarra helstu niðurstöðum úr verkefnum á sínu fagsviði, metið með kynningu og fyrirlestrum. • Vinna sjálfstætt að skipulagningu og framkvæmd skógræktarverkefnis og bregðast við frávikum á viðeigandi hátt, með gæði lokaafurðar að leiðarljósi, sem metið er með vinnusemi, frumkvæði, samviskusemi og kynningu.
Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Setja fram á skipulegan hátt helstu áætlanir um framkvæmd verkefnis. • Vinna á sjálfstæðan hátt að framkvæmd verkefnis. • Leita sér upplýsinga um hvaðeina sem kann að tengjast viðkomandi verkefni. • Skipuleggja vinnu sína þannig að hann nái að ljúka við framkvæmd þess á réttum tíma. • Vanda vinnubrögð við framkvæmd verkefnis svo það nái tilskyldum gæðum.	
Námsmat Einkunn fyrir verkefni og kynningar nemenda. Mat kennara á frammistöðu nemenda við verkefnavinnuna yfir veturinn.	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara) Nemendur brautar skógar og náttúru velja verkefni í samráði við kennara eða kennari velur verkefni fyrir nemendur. Mikilvægt er að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum nemenda og að frumkvæði að lausnum vandamála komi frá nemendunum sjálfum.	
Tenging við grunnþætti Læsi: Nemendur þurfa að lesa saman margvíslegar upplýsingar úr náminu og nota niðurstöðuna til framkvæmdar lokaverkefnis. Sjálfbærni: Nemendur vinna sjálfstætt að verkefni og þurfa að nýta sér þær auðlindir sem tiltækar eru í nánasta umhverfi. Sköpun: Nemendur ákveða sjálfir hvers konar verkefni þeir vinna og hafa frjálsar hendur við framkvæmd þess þannig að sköpunargleði þeirra nær að njóta sín.	
Dags.: 29.8.2013 Höfundur: Guðríður Helgadóttir	

Undirbúningur og framkvæmd verkefnis á vorönn 2026

Á önninni eru reglulega tímar í stundatöflu ætlaðir í vinnu tengda lokaverkefninu. Það er ekki skyldumæting í þessa tíma heldur eru þeir ætlaðir sem mögulegir viðtalstímar við brautarstjóra og þarf þá að hafa samband fyrirfram til að festa stað og stund.

Fyrsta verk er að leggja fram skriflega tillögu á verkefni til brautarstjóra. Tillögur þurfa að samþykkjast af brautarstjóra. Þessum hluta þarf að skila **28. janúar**.

Þegar tillögur hafa verið samþykktar eða eru komnar í endanlegt form þarf að vinna að áætlanagerð. Í því fellst að gera verkáætlun yfir verkið, lista yfir efni og aðföng auk áætlunar yfir mögulega þörf á vélum, tækjum og verkfærum sem þarf til að vinna verkið. Skil er á áætlunum áður en vinna við verkið hefst eða í síðasta lagi **11. febrúar**.

Verklegar framkvæmdir mega hefjast um leið og teikning af verkefninu hefur verið samþykkt og þeim skal vera lokið í síðasta lagi **13. maí** í síðasta lagi.

Skipulag lokaverkefnis daganna **7. maí** – **22. maí 2024**.

1. Verklegrí vinnu við lokaverkefnið lýkur formlega **sunnudaginn 17. maí**.
2. Lokaskýrslu á að skila í tveimur útprentuðum eintökum til kennara miðvikudaginn **13. maí fyrir klukkan 16:00**. Annað eintakið verður varðveitt á bókasafni skólans.
3. Kynningar lokaverkefna fara fram **mánudaginn 18. maí og þriðjudaginn 19. maí**, skyldumæting er báðra dagana – allan daginn.
Hver nemandi hefur með sér **1** handout/útbýti af glærukynningu sinni og afhendir brautarstjóra á kynningardegi auk þess að hafa með sér kynninguna á USB kubbi sem afhendist brautastjóra í byrjun dags.
4. **Föstudaginn 22. maí** fá nemendur endurgjöf á verkefni sín.

Skýrsla um lokaverkefni skal vera 7-25 bls. að stærð (inngangur (fræðilegur bakgrunnur verkefnis), tilgangur og markmið verkefnis, efni og áhöld til verksins, framkvæmd, niðurstöður, lokaorð), auk forsíðu, efnisyfirlits og heimildaskrár ef við á. Verkáætlun skal fylgja með í viðauka aftast. Nemendur verða þegar búnir að skila verkáætlun en það eykur gildi skýrslunnar að láta hana fylgja með. Texti skýrslunnar skal vera í þægilegu 12 pkt lettri, t.d. Calibri eða Times New Roman með 1,5 línubili.

Skýrslan skal fjalla um innihald lokaverkefnis, undirbúning og framkvæmd þess og niðurstöður sem hægt er að draga af verkefninu, bæði út frá efni verkefnisins og námslega séð (hvaða lærdóm nemendur draga af framkvæmdinni sjálfri og hvernig sú reynsla mun nýtast þeim í

framtíðinni). Það eykur gildi skýrslunnar að láta fylgiskjöl á við teikningar, áætlanir og fleira í þeim dúr fylgja með.

Skila skal 2 útprentuðum eintökum af lokaskýrslu til námsbrautarstjóra í lok dags miðvikudaginn **13. maí**.

Kynningar á lokaverkefnum taka um það bil 10 mínútur á mann auk 5 mínútna fyrirspurnatíma. Hver nemandi skal afhenda námsbrautarstjóra sínum 1 handout/útbýti af glæru kynningunni.

Nemendur sem vilja æfa framsögn erinda sinna fyrir kynningardagana geta komist inn í kennslustofurnar á Reykjum og í einhverjum tilfellum fengið tilsögn frá kennara ef valinn er tími til þess sameiginlega.

Einkunn fyrir lokaverkefni er gefin í heilum tölum.

Tímar eru settir inn í stundartöflu og gert ráð fyrir að nemendur hafi þá tíma til að vinna að undirbúningi að verkefnum sínum. Flestir tímar eru ekki í stofu, en nemendur geta haft samband við kennara og fengið að hitta hann á þeim tíma.